

Próf og skimunartæki

Leikskólar Reykjanesbæjar og Garðs
nýta eftirfarandi skimunartæki

- **Hljóm-2**
Skimun sem kannar hljóð- og málvitund leikskólabarna. Hún er lögð fyrir 5 ára börn að hausti og svo aftur í jan/feb ef þörf er á
- **Orðaskil**
Málþroskapróf sem kannar orðaforða, beygingarkerfi og setningagerð. Foreldrar fylla út listann fyrir 2-3 ára börn
- **Íslenski máhljóðamælirinn**
Skimunarforrit fyrir spjaldtölvu sem metur framburð íslensku máhljóðanna, helstu hljóðkerfisþætti og skiljanleika tals.
- **Efi-2**
Málþroskaskimun sem metur mál- skilning og tjáningarfærni 3 ára barna
- **Tras**
Skráning á málþroska ungra barna. Byrjað að skrá við 2 ára aldur og svo á 6 mánaða fresti til 6 ára aldurs

Allar niðurstöður skimanna eru
kynntar fyrir foreldrum


Málörvun og lestur

Samvinna heimilis og leik-
skóla er mikilvægur þáttur
sem stuðlar að góðum mál-
þroska barna

Mál og læsi eru samtvinnaðir
þættir

Þroski barna eykst og þau verða betur undirbúin til að tileinka sér lestur og ritun ef þau hafa átt í góðum sam-
skiptum og fengið góða málörvun frá fæðingu, bæði heima og í leikskóla

Í leikskólum Reykjanesbæjar er lögð áhersla á að skapa lestrarvænt umhverfi. Í þeim tilgangi eru nýttar fjölbreyttar leiðir bæði innan- og utanhúss til að auka læsi í víðum skilningi



Lestur fyrir lífið

Snemmtæk
íhlutun í
málþroska og
læsi



Þróunarverkefni í tengslum við
mál og læsi barna í leikskólum
Reykjanesbæjar og Garðs
2017-2018



Um verkefnið

Ásthildur Bj. Snorradóttir
talmeinafræðingur er verkefnastjóri
þróunarverkefnisins

Leikskólarnir sem tóku þátt í verkefninu:

- Heilsuleikskólinn Garðasel
- Heilsuleikskólinn Heiðarsel
- Heilsuleikskólinn Skógarás
- Leikskólinn Gimli
- Leikskólinn Tjarnarsel
- Gefnarborg Garði

Markmið verkefnisins er að samræma verkferla og vinnu tengda málörvun ungra barna og er áhersla lögð á snemmtæka íhlutun, undirbúning fyrir lestur og íslensku-nám tvítyngdra barna

Lykillinn að árangri felst í

- Góðu samstarfi heimilis, leikskóla og heilsugæslu
- Skimunum/prófum í leikskóla
- Snemmtækri íhlutun
- Samstarfi fagstétta

Snemmtæk íhlutun

Rannsóknir sýna að með snemmtækri íhlutun er hægt að draga úr náms-erfiðleikum síðar meir

Mikilvægt er að bregðast við um leið og rökstuddur grunur vaknar um málþroska-frávik hjá ungum börnum

Best er að skima fyrir frávikum í málþroska og vinna markvisst með niðurstöður

Leikskólar eru í lykilhlutverki í þessari vinnu

Gott samstarf heimilis og leikskóla er lykill að farsælu námi leikskólabarna

Fræðslusvið Reykjanesbæjar sinnir sérfræðiþjónustu við leikskóla Reykjanesbæjar og Garðs

Málþroski

Hvernig er hægt að efla málþroska barna?

- Vinna með undirstöðupætti fyrir boðskipti (sitja, passa hendur, hlusta, bíða, gera til skiptis, horfa og muna)
- Lesa fyrir þau bækur
- Ræða og útskýra lesefni
- Vinna markvisst með orðaforða
- Spyrja börnin opinna spurninga
- Hjálpa þeim að byggja upp söguþráð
- Syngja og kenna þeim rím, vísur og þulur
- Hvetja þau til að segja frá atburðum og upplifunum



Fjölmargar rannsóknir sýna að börn sem lesið er fyrir reglulega eru líklegri til að auka orðaforða og verða góð í lestri. Börn með góðan orðaforða hafa síðan að jafnaði betri lesskilning